

## 9. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn eftir arðskrá.

## 10. gr.

Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. desember 1992.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

**SAMÞYKKT****um búfjárhald í Patrekshreppi.**

## 1. gr.

Í Patrekshreppi er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Hreppsnefnd getur þó veitt leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari. Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda. Umsækjandi skal jafnframt hafa tryggt sér land til upprekstrar.

## 2. gr.

Lausaganga hrossa, nautgripa og annars búfjár, hverju nafni sem nefnist, er óheimil í Patrekshreppi án leyfis hreppsnefndar. Þá er hreppsnefnd hvenær sem er heimilt að banna alla umferð með hross um þéttbýli.

## 3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni, að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

## 4. gr.

Hreppsnefnd skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

## 5. gr.

Búfjárefniritið hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skytt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

## 6. gr.

Hver sá sem fær leyfi til búfjárhalds skal greiða árlegt leyfisgjald til Patrekshrepps. Gjald þetta miðast við tegund og fjölda gripa. Þegar hreppsnefnd ákveður upphæð gjaldsins, skal hún hafa til hliðsjónar kostnað hreppsins vegna búfjárhalds í hreppsfélaginu, svo sem vegna búfjárefirlits, vörslu lands, smölunar o.fl. Gjaldi þessu má ekki verja til annarra verkefna hreppsfélagsins. Landbúnaðarráðherra staðfestir gjaldskrá fyrir leyfisgjöld og birtir í Stjórnartíðindum.

## 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

## 8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Patrekshreppi nr. 210 14. október 1966.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1992.*

**Haldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

### um álagningarstofn fasteignaskatts.

Í samræmi við I. og II. kafla laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, hefur Fasteignamat ríkisins samið skrár um álagningarstofn fasteignaskatts. Í skrár þessum er álagningarstofn fasteignaskattsins ákveðinn svo sem lög þessi mæla fyrir um, og er hann tilgreindur fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest heildareintak skrár um álagningarstofn fasteignaskatts eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Skrár þessar munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. janúar n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofn fasteignaskatts með tilkynningu um nýtt fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 404/1992 um nýtt fasteignamat.

Með vísan til laga nr. 91/1989 tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts, sem ákveðinn hefur verið með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrár Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1993.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 579 6. desember 1991.

*Fjármálaráðuneytið, 3. desember 1992.*

**Friðrik Sophusson.**

*Björn Hafsteinsson.*